

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/60/EB

frá 18. júní 2003

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksgildi tiltekinna varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars aldinum og grænmeti

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/79/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/79/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/100/EB ⁽⁶⁾, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB ⁽⁸⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrirliggjandi, virku efnin amítról, díkvat, ísóprótúron og etófvúmesat voru skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE með, í sömu röð, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB ⁽⁹⁾, 2002/18/EB ⁽¹⁰⁾ og 2002/37/EB ⁽¹¹⁾.

2) Nýju, virku efnin fenhexamíð, asíbensólar-S-metýl, sýklanilíð, píraflúfenetýl, ípróvalíkarb, prósúlfúron, súlfósúlfúron, sínídonetýl, sýhalófópbútýl, famoxadon, flórasúlam, metalaxýl-M, pikólínafen og flúmíoxasín voru skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2001/28/EB ⁽¹²⁾, 2001/87/EB ⁽¹³⁾, 2002/48/EB ⁽¹⁴⁾, 2002/64/EB ⁽¹⁵⁾ og 2002/81/EB ⁽¹⁶⁾.

3) Skráning þessara virku efna í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE grundvallaðist á mati á þeim upplýsingum sem voru lagðar fram varðandi fyrirhugaða notkun. Nokkur aðildarríki hafa lagt fram upplýsingar um þessa notkun í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi tiltekin hámarksgildi leifa.

4) Séu engin hámarksgildi leifa til á vettvangi Bandalagsins, hvorki fastsett né sett til bráðabirgða, skulu aðildarríkin fastsetja hámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE áður en plöntuvarnarefni, sem innihalda þessi virku efni, eru leyfð.

5) Að því er varðar virku efnin klórphenapýr, fentínasetat og fentínhýdroxíð var ákveðið með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2001/697/EB ⁽¹⁷⁾, 2002/478/EB ⁽¹⁸⁾ og 2002/479/EB ⁽¹⁹⁾, í sömu röð, að skrá ekki þessi efni í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Í þessum ákvörðunum var kveðið á um að ekki væri lengur leyfilegt að nota plöntuvarnarefni, sem innihalda þessi virku efni, í Bandalaginu. Því er nauðsynlegt að bæta öllum varnarefnaleifum, sem myndast við notkun þessara plöntuvarnarefna, við í viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim og með banni við notkun þeirra og til að vernda neytendur.

6) Til að unnt sé að verða við réttmætum væntingum, sem varða notkun fyrirliggjandi birgða af varnarefnum, er í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um bann við skráningu efna kveðið á um aðlögunartímabil og þess vegna skal ákvörðun um hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir efni, sem óheimilt er að nota í Bandalaginu, ekki taka gildi fyrr en að loknu aðlögunartímabilinu fyrir viðkomandi efni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 124, 20.5.2003, bls. 30.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 69, 10.3.2001, bls. 17.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 55, 26.2.2002, bls. 29.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 117, 4.5.2002, bls. 10.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 113, 24.4.2001, bls. 5.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 276, 19.10.2001, bls. 17.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 148, 6.6.2002, bls. 19.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 276, 12.10.2002, bls. 28.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. EB L 249, 19.9.2001, bls. 19.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 164, 22.6.2002, bls. 41.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 164, 22.6.2002, bls. 43.

- 7) Hámarksgildi leifa í Bandalaginu og þau gildi, sem mælt er með í Codex Alimentarius, eru ákvörðuð og metin með svipuðum aðferðum. Í Codex Alimentarius finnast fá gildi fyrir díkvat og fentín (-asetat eða -hýdroxíð). Tekið var tillit til þessa við ákvörðun hámarksgilda leifa í þessari tilskipun. Hámarksgildi leifa í Codex Alimentarius, sem mælt er með að verði felld niður á næstunni, voru ekki höfð til hliðsjónar. Hámarksgildi leifa, sem byggjast á gildum í Codex Alimentarius og hafa verið metin í ljósi áhættunnar fyrir neytendur, hafa ekki reynst hafa neina áhættu í för með sér þegar miðað er við eiturefnafræðilegt lokastig sem byggist á niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdastjórnin hefur undir höndum.
- 8) Að því er varðar þessi virku efni og skráningu þeirra eða ákvörðun um að skrá þau ekki í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á þeim lokið með endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar. Matsskýrslurnar fyrir fyrrgreind efni voru fullgerðar á þeim dögum sem tilgreindir eru í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar sem nefndar eru í 1. og 2. forsendu og í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem nefndar eru í 5. forsendu. Í skýrslunum voru sett gildi fyrir viðtekinn dagskammt og, þar sem nauðsyn bar til, viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar fyrir viðkomandi efni. Ævilöng váhrif á neytendur matvæla, sem eru meðhöndluð með umræddu, virku efni, hafa verið metin í samræmi við reglur Bandalagsins. Einnig hafa verið hafðar til hliðsjónar viðmiðunarreglur sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út ⁽¹⁾ og álit vísindanefndarinnar um plöntur ⁽²⁾ um þá aðferð sem beitt er. Niðurstaðan er sú að þau hámarksgildi leifa, sem miðað er við, leiða ekki til þess að farið verði yfir viðtekinn dagskammt eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 9) Til að tryggja að neytendur njóti nægilegrar verndar gegn váhrifum af völdum leifa, sem stafa af óleyfilegri notkun plöntuvarnarefna, skal setja fyrir viðkomandi samsetningar umræddra vara/varnarefna bráðabirgðahámarksgildi leifa sem svara til lægri greiningarmarka.
- 10) Setning slíkra bráðabirgðahámarksgilda leifa innan Bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir efnin í þessari tilskipun í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár séu nægjanlegur tími til þess að heimila víðtækari notkun virku efnanna sem um ræðir. Eftir það verða bráðabirgðahámarksgildi leifa endanleg.
- 11) Því er nauðsynlegt að bæta öllum varnarefnaleifum, sem myndast við notkun þessara plöntuvarnarefna, við í viðaukuna við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim og með banni við notkun

þeirra og til að vernda neytendur. Því ber að breyta viðaukum við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE til samræmis við þetta.

- 12) Til að ákvarða hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir díkvat á vettvangi Bandalagsins er nauðsynlegt að færa ákvæði úr tilskipun 76/895/EBE yfir í tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE, fella niður þessi ákvæði í tilskipun 76/895/EBE og breyta sumum ákvæðanna í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda og breytinga á notkun og leyfisveitinga innanlands og á vettvangi Bandalagsins.
- 13) Þessi tilskipun er í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Fella skal brott færslurnar varðandi díkvat í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE.

2. gr.

Hámarksgildi varnarefnaleifa, sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE.

3. gr.

Hámarksgildi varnarefnaleifa, sem tilgreind eru í II. og III. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í A- og B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE.

4. gr.

Hámarksgildi efnaleifa, sem tilgreind eru í IV. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2003 nema að því er varðar ákvæðin fyrir fentínhýdroxíð, fentínasetat og klórfenapýr sem öðlast gildi eigi síðar en 30. júní 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2003 nema að því er varðar ákvæðin fyrir fentínhýdroxíð, fentínasetat og klórfenapýr sem öðlast gildi eigi síðar en 1. júlí 2004.

⁽¹⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfis-eftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

⁽²⁾ Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi breytingar á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998) (http://europa.eu.int/comm/food/fs/sc/index_en.html).

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júní 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)							
	prósúlfúron	súlfósúlfúron	fenhexamið	asíbensólar-S-metýl	sýklanilið	pýraflúfenetýl	amitról	díkvat
Dúrri								
Rúghveiti								
Hveiti								
Aðrar korntegundir								0,05 (*) (b)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)				
	ísóprótúron	etófümesat (summa etófümesats og umbrotsefnisins 2,3-dihýdró-3,3-dímetýl-2-oxóbensólfúran-5-ýl-metansúlfónats, gefin upp sem etófümesat)	klórfenapýr	fentínasetat	fentínhýdroxíð
KORN	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Bygg					
Bókhveiti					
Maís					
Hirsi					
Hafrar					
Hrísgrjón					
Rúgur					
Dúrri					
Rúghveiti					
Hveiti					
Aðrar korntegundir					

(*) Neðri greiningarmörk.

(b) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 14. júlí 2007.

II. VIÐAUKI

Hámarksgildi í mg/kg (milljónarhlutar)			
Varnarefnaleifar	Fyrir fitu í kjöti, unnar kjötvörur, innmat og dýrafitu sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 ⁽¹⁾ ⁽⁴⁾	Fyrir hrámjólk og nýmjólk sem er skráð í I. viðauka undir SAT-númeri 0401, fyrir önnur matvæli undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við ⁽²⁾ ⁽⁴⁾	Fyrir skurnlaus, ný egg, fuglsegg og eggjarauðu sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 ⁽³⁾ ⁽⁴⁾
sýklanilið	0,01 (*) (b)	0,01 (*) (b)	0,01 (*) (b)

(*) Neðri greiningarmörk.

(b) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 14. júlí 2007.

⁽¹⁾ Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihaldi eða minna miðast leifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla.

Í slíkum tilvikum er hámarksgildið einn tíundi af gildinu sem reiknast út frá fituinnihaldi en má þó ekki vera undir 0,01 mg/kg.

⁽²⁾ Þegar ákvarða skal leifar í hrámjólk og nýmjólk úr kúm skal miða við 4% fituinnihald, miðað við þyngd.

Fyrir hrámjólk og nýmjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp út frá fituinnihaldi.

Fyrir önnur matvæli sem eru skráð í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406:

— með fituinnihaldi innan við 2%, miðað við þyngd, er hámarksgildið helmingur þess sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk,

— með fituinnihaldi 2% eða meira, miðað við þyngd, er hámarksgildi gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 25 sinnum það sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk.

⁽³⁾ Fyrir egg og eggjaafurðir með meira en 10% fituinnihaldi er hámarksgildi gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

⁽⁴⁾ 1., 2. og 3. neðanmálsgrein gilda ekki ef neðri greiningarmörkin eru tilgreind.

III. VIÐAUKI

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg (milljónarhlutar)		
	Fyrir kjöt, þ.m.t. fitu, unnar kjötvörur, innmat og dýrafitu sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráðar eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	Fyrir skurnlaus, ný egg, fuglsegg og eggjaraudu sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
famoxadon	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)
súlfósúlfúron	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)
fenhexamíð	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)
asíbensólar-S-metýl	0,02 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,02 (*) (b)
díkvat	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)
ísoprótúron	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)
etófümesat (summa etófümesats og umbrots-efnisins 2,3-dihýdró-3,3-dímetýl-2-oxóbensófüran-5-ýl-metansúlfónats, gefin upp sem etófümesat)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)

(*) Neðri greiningarmörk.

(b) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 14. júlí 2007.

IV. VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaeif og hámarksgildi leifa (mg/kg)																			
	sinid-onetýl (summa sinid-onetýls og E-mynd-brigða þess)	sýhaló-föp-bútýl (summa sýhaló-föp-bútýls og óbund-inna sýrna þess)	famox-adon	flór-asúlam	flúmi-oxasín	metal-axýl-M, þ.m.t. aðrar blöndur af efnis-þáttum mynd-brigða (summa mynd-brigða)	pík-ólin-afen	ípróval-íkarb	pró-súlf-úron	súlfó-súlfúron	fen-hex-amið	asi-bens-ólar-S-metýl	sýkl-anilíð	pýra-flú-fen-etýl	amitról	dikvat	ísó-prót-úron	etófúmesat (summa etófúmesats og umbrotsefnisins 2,3-dihýdró-3,3-dimetýl-2-oxóbensófúran-5-ýl-metansúlfónats, gefin upp sem etófúmesat)	klór-fen-apýr	fentín-asetat
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frýstingu án viðbættis sykurs; hnetur	0,05 (*)(b)	0,02 (*)(b)			0,05 (*)(b)		0,05 (*)(b)	0,02 (*)(b)	0,05 (*)(b)			0,05 (*)(b)			0,05 (*)(b)	0,05 (*)(b)	0,05 (*)(b)	0,05 (*)(b)	0,05 (*)(b)	0,05 (*)(b)
i) SÍTRUSÁVEXTIR			0,02 (*)(b)	0,01 (*)(b)		0,5 (b)		0,05 (*)(b)		0,05 (*)(b)	0,02 (*)(b)		0,02 (*)(b)	0,01 (*)(b)						
Greipaldin																				
Sitrónur																				
Súraldin (límónur)																				
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)																				
Appelsínur																				
Pómelónur																				
Annað																				
ii) TRJÁHNETUR (í skum eða skum-laugar)			0,02 (*)(b)	0,1 (*)(b)		0,02(*) (b)		0,05 (*)(b)		0,05 (*)(b)			0,1 (*)(b)	0,01 (*)(b)						
Möndlur																				
Parahnetur																				
Kasúhnetur																				
Kastaníuhnetur																				
Kókoshnetur																				
Heslihnetur											0,1 (*)(b)									
Goðahnetur (makadamíahnetur)																				

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksildi leifa (mg/kg)																				
	sinid-onetýl (summa sinid-onetýls og E-mynd-brigða þess)	sýhal-óföp-bútýl (summa sýhal-óföp-bútýls og óbund-inna sýma þess)	famox-adon	flór-asúlam	flúmi-oxasín	metal-axýl-M, þ.m.t. aðrar blöndur af efnis-þáttum mynd-brigða (summa mynd-brigða)	pík-ólin-afen	ipróv-alikarb	pró-súlf-úron	súlfó-súlfúr-on	fen-hex-amið	así-bens-ólar-S-metýl	sýkl-anilíð	pýra-flú-fen-etýl	amitról	díkvat	isó-prót-úron	etófümesat (summa etófümesats og umbrotsefnisins 2,3-dihýdró-3,3-dímetyl-2-oxóbensófüran-5-ýl-metansúlfónats, gefin upp sem etófümesat)	klór-fen-apýr	fentín-asetat	fentín-hýdr-oxíð
Sólblómafræ																					
Repjufræ																					
Sojabaunir															0,5 (b)						
Mustarðskorn													0,2 (b)								
Baðmullarfræ													0,05 (*) (b)		0,1 (*) (b)						
Annað																					
5. Kartöflur	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,01 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,01 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05*	0,05*	0,05*
Sumarkartöflur																					
Kartöflur af haustuppskeru																					
6. Te (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr laufi <i>Camellia sinensis</i>)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)
7. Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humla-köggjar og óþykkt duft	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	10 (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,05 (*) (b)	0,02 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)	0,1 (*) (b)

(*) Neðri greiningarmörk.

(b) Bráðabirgðahámarksildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 14. júlí 2007.